

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Hofsvallagata 53.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 4. desember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að landnotkun á lóðinni nr. 53 við Hofsvallagötu verður fyrir stofnun í stað verslunar og þjónustu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með samþykkt borgarráðs þann 19. nóvember 1991 tekið að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 13. desember 1991.

F. h. r.
Páll LINDAL

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1992.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. janúar 1992 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd 4,31 kr.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki 2,15 kr.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 201 kr., né herra gjald en 12 655 kr.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera 872 kr.

Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1991.

Indriði H. Þorláksson.

Rúnar Hannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins, nr. 497, 19. desember 1990.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. janúar–31. maí 1992 skal skráningargjald skv. I. lið gjaldskrárinnar verða sem hér segir:

	Taxti	Gjald
Skráningargjald	0,5	500

Íhlutir í skráð raftæki, sem ætlaðir eru sem varahlutir eru undanþegnir sjálfstæðri skráningu nema um öryggisbúnað sé að ræða.

Iðnaðarráðuneytið, 9. desember 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 606

GJALDSKRÁ

18. desember 1991

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu, kvörðun og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

1.	Vogarlóð	
1.1	Nákvæmnisflokkur O (M ₃)	Kr.
1.1.1	100 g - 2 kg	1 260,00
1.1.2	5, 10 og 20 kg	1 470,00
1.1.3	50 kg	2 100,00
1.2	Nákvæmnisflokkur M ₂	
1.2.1	1 g - 2 kg	1 580,00
1.2.2	5, 10 og 20 kg	2 000,00
1.2.3	50 kg	2 630,00
1.3	Nákvæmnisflokkur M ₁	
1.3.1	1 mg - 2 kg	2 000,00
1.3.2	5, 10 og 20 kg	2 630,00
1.3.3	50 kg	5 250,00
1.4	Nákvæmnisflokkur F ₂	
1.4.1	1 mg - 2 kg	4 200,00
1.4.2	5, 10 og 20 kg	5 250,00
1.4.3	50 kg Skv. reikningi eða sér tilboði	
1.5	Annað	
1.5.1	Massar í öðrum nákv. fl. Skv. reikningi eða sér tilboði	
1.5.2	Kvörðun lóða og vottorð Skv. reikningi eða sér tilboði	
ATH.	Vogarlóð undir 5g verða <i>ekki</i> endurlöggilt.	
2.	Lyfjaverslanir og rannsóknarstofur: Mælitæki skv. rg. nr. 289/1970 og 24/1983 Eftirlitsskyld mælitæki í nákvæmnisflokkum I og II	
2.1.1	Burðarþol ≤ 30 kg Löggildingarskyld mælitæki í nákvæmnisflokki I	9 980,00
2.2.1	Burðarþol ≤ 30 kg	9 980,00
3.	Brautarvogir fyrir sláturhús	
3.1.1	Burðarþol ≤ 200 kg (1 ár)	23 630,00
3.2.1	Burðarþol > 200 kg	27 830,00